

Skýrsla æskulýðsnefndar Mána árið 2008-2009.

1. Mánafélagar tóku þátt í sýningunni Æskan og Hesturinn eins og undanfarin ár. Sýningin var haldin viku fyrr en síðast og kannski hefur það haft eitthvað að segja um frekar slaka þátttöku hjá ungum Mánafélögum. Niðurstaðan varð sú að 4 ungir krakkar tóku þátt í milliflokk með tilheyrandi æfingum og undirbúningi og 8 börn í Grímureiðinni. Ekkert atriði var frá unglingunum vegna dræmrar þátttöku. Sýningin sjálf gekk vonum framar þrátt fyrir óvenjulegt ástand í þjóðfélaginu.
2. Í byrjun febrúar var skemmtikvöld yngri barna haldið með video, pizzu og leikjum. Góð þátttaka var og myndaðist skemmtileg stemming.
3. Stuttu síðar var haldið skemmtikvöld eldir með pizzu og video. Aðeins einn mætti og voru það að vonum vonbrigði.
4. Næst var páskabingóið haldið og gekk vel að vanda. Við fengum 30 páskaegg gefins frá Kaskó í Keflavík og varð úr þessu hin besta skemmtun ásamt því að veruleg fjárhæð safnaðist.
5. Næst var óvissuferðin á sumardaginn fyrsta. Við leigðum rútu og farið var með börnin frá Mánahöllinni út í Garð á safn í fjöruferð og leiki. Síðan var farið upp á Ásbrú (gamla vallarsvæðið) með alla í pizzu á Langbest. Það var mikið sungið og trallað í rútnunni og krakkarnir veltu því auðvitað fyrir sér hvert væri verið að fara. Allir fengu Prinz Polo og svala í nesti
6. Æskulýðsnefndin gaf líka ókeypis pizzur fyrir þátttakendur í K. Steinars mótinu okkar sem er barna og unglingamót haldið í mars.
7. Vegna tilkomu nýju reiðhallarinnar í Mána var haldin glæsileg opnunar vígsala í byrjun maí og þar lék æskan stórt hlutverk enda bylting fyrir komandi kynslóðir að fá þessa aðstöðu í framtíðinni. Prestur var fenginn til að vígja höllina formlega og fylgdu honum krakkar á aldrinum 13 – 3 ára þau elstu með fána þau yngri ríðandi og þau allra yngstu voru teymd inn. Síðan voru krakkar á aldrinum 11 -14 ára með skrautreiðaratriði. Unglingarnir voru einnig með frábært skrautreiðaratriði þar sem sýnd var góð reiðmennska á öllum gangtegundum ásamt flókinni skrautreið í bland. Að lokum sýndu tvö sigursæl ungmenni úr Mána svo listir sínar í höllinni á keppnishestum sínum. Metnaður var í börnum og foreldrum fyrir þessa sýningu og góð mæting þar sem öll atriði voru vel æfð. Þessi skemmtilega opnunarhátíð var öll hin veglegasta og verður sennilega seint toppuð.
8. Ætlunin var svo að halda lokahóf í byrjun júní en vegna ófyrirséðs atburðar þá um vorið og mikils uppnáms sem fylgdi þessum atburði var öllum viðburðum þar á eftir aflýst.
9. Næsta ár á svo að breyta dagskránni eitthvað þar sem sumir viðburðirnir eru ekki eins vinsælir og aðrir. Einhverjir verða feldir niður og annað fundið til í staðinn. Þetta þýðir samt ekki að dagskráin verði minni bara áhugaverðari fyrir alla aldurshópa. Mikilvægast af öllu er

samt alltaf að fólkið sjálft sýni áhug, samstöðu og jákvæðni í garð allra sem að þessu starfi koma. Og ekki gleyma að gagnrýni er alltaf vel þegin ef hún er gagnrýnin, gagnleg, og kærleg.

Kv. Birta Ólafsdóttir, Guðleif Bergsdóttir og Erla Ölversdóttir æskulýðsfulltrúar Mána.